



Nefndasvið Alþingis
nefnadasvid@althingi.is

Kópavogi, 14. mars 2023.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008 (greiðsluþátttaka sjúkratryggðra), þingmannafrumvarp.

Með tölvubréfi 28. febrúar sl. var Læknafélagi Íslands (LÍ) sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008 (greiðsluþátttaka sjúkratryggðra), 679. mál, þskj. 1049.

Efni frumvarpsins er tvíþætt. Í 1. gr. þess er gert ráð fyrir að á eftir 1. mgr. 38. gr. laga um sjúkratryggingar komi ný málsgrein þar sem veitendum þjónustu verður gert óheimilt að krefja sjúkratryggða um hærra gjald fyrir þjónustuna en 29. gr. laganna gerir ráð fyrir. Í 2. gr. þess er lagt til að á eftir 1. mgr. 49. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar þar sem í fyrri málsgreininni er gert ráð fyrir að ágreiningi Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og veitenda heilbrigðisþjónustu um nýjan samning sé vísað í gerðardóm, hafi ekki náðst samningur innan níu mánaða frá lokum gildistíma síðasta samnings. Í síðari málsgreininni eru nánari ákvæði um skipun gerðardóms, komi til þess.

Í almennum athugasemdum við frumvarpið er útskýrður tilgangur með framlagningu þess. Hann virðist vera sá að takmarka heimildir þjónustuveitenda heilbrigðisþjónustu sem falla undir lög um sjúkratryggingar að leggja aukagjöld á sjúklinga þegar enginn samningur er til staðar milli SÍ og þjónustuveitenda, m.a. til að tryggja að greiðsluþátttaka sjúklinga sé í lágmarki. Þar kemur einnig fram að tilgangurinn sé að ákveða hvernig bregðast eigi við afleiðingum þess ef samningaviðræður milli SÍ og þjónustuveitenda eru árangurslausar lengur en í níu mánuði.

LÍ telur að framsögumenn frumvarpsins átti sig ekki á því réttarsambandi sem er milli SÍ og þjónustuveitenda í heilbrigðisþjónustu. Í mörgum tilvikum gengur SÍ til samninga við þjónustuveitendur. Í 1. másl. 1. mgr. 38. gr. laga um sjúkratryggingar kemur fram að náist samningar ekki milli aðila er í sérstökum tilfellum heimilt tímabundið að endurgreiða sjúkratryggðum útlagðan kostnað vegna heilbrigðisþjónustu á grundvelli gjaldskrár sem SÍ gefur út. Ekkert í ákvæðinu bannar þjónustuveitendum að leggja á aukagjöld, eins og þeir hafa neyðst til að gera í þessari stöðu. Í öðrum tilvikum hafa SÍ ákveðið að semja ekki við þjónustuveitendur þó ákvæði laga um sjúkratryggingar standi því ekki í vegi. Má nefna þjónustu sálfræðinga sem dæmi um slíkt og raunar ýmissa fleiri heilbrigðisstétta. Þegar svo stendur á er staðan einfaldlega sú að sjúkratryggður á ekki kost á því að fá þessa þjónustu niðurgreidda sem hluta sjúkratrygginga og sjúkratryggður greiðir allan kostnaðinn sjálfur eftir gjaldskrá sem þjónustuveitandinn ákveður einhliða.

Í tilviki sjálfstætt starfandi sérfræðilækna eru skýr fyrirmæli um það að sú þjónusta fellur undir sjúkratryggingar. Ef samningar hafa ekki náðst eftir að eldri samningar renna út á að setja gjaldskrá eins og áður er vikið að. Sjúkratryggður á að greiða þjónustuveitanda samkvæmt gjaldskránni og sækja svo um endurgreiðslu til SÍ. Þrátt fyrir skýr lagafyrirmæli hafa heilbrigðisyfirvöld í tilviki sjálfstætt starfandi sérgreinalækna, eftir að samningur þeirra rann út 31. desember 2018 kosið að snúa dæminu við og í reglugerð nr. 1255/2018 sett sem fortakslaust skilyrði fyrir greiðsluþátttöku sjúkratrygginga að sjálfstætt starfandi sérgreinalæknar innheimti hjá sjúklingi sjúklingahlutann og eftirstöðvar hjá SÍ samkvæmt þeirri gjaldskrá, sem SÍ setur.

LÍ leggst eindregið gegn því að fyrirliggjandi frumvarp verði samþykkt. LÍ telur frumvarpið hvorki þjóna hagsmunum sjúkratryggðra né heilbrigðisþjónustunnar.

Varðandi bann við álagningu aukagjalda af hálfu þjónustuveitenda, ef samningur er ekki í gildi við SÍ, nái það fram að ganga, þá getur það leitt til að þjónustuveitendur neyðist til að hætta starfsemi. Í tilviki sjálfstætt starfandi sérgreinalækna hefur gjaldskrá sú sem einhliða er sett af SÍ ekki verið hækkuð af hálfu heilbrigðisyfirvalda frá janúar 2020. Á þessu tímabili hefur allur kostnaður hækkað verulega, bæði launakostnaður sem og venjulegur rekstrarkostnaður.

Ekkert í lögum um sjúkratryggingar bendir til að gjaldskrá sem sett er í kringumstæðum sem þessum útiloki aukagjöld sem þjónustuveitendur innheimta beint hjá sjúkratryggðum. Greiðslur samkvæmt gjaldskrá eins og hún hefur einhliða verið ákveðin af heilbrigðisyfirvöldum hrökkva ekki fyrir kostnaði við starfsemina, enda hafa þau ekki hækkað eins og áður segir síðan í janúar 2020. Sjálfstætt starfandi sérgreinalæknar og raunar fleiri veitendur heilbrigðisþjónustu í sömu stöðu hafa því ekki séð aðra leið færa en að leggja aukagjöld á sjúkratryggða. Nái fyrirbyggjandi frumvarp fram að ganga hvað þetta varðar þá er líklegt að þjónustuveitendur sjúkratryggðra sjái sig knúna til að hætta að una því að haga innheimtu gjalda með þeim hætti sem reglugerð nr. 1255/2018 fyrirskipar, sem er í andstöðu við ákvæði 38. gr. laga um sjúkratryggingar, sem vikið er að hér að framan. Minnt er á að sjálfstætt starfandi sérgreinalæknar sinna kringum 500.000 heimsóknum sjúkratryggðra á ári hverju.

Fyrir liggja gögn sem sýna að með hverju ári sammingsleysis, a.m.k. hvað snýr að sjálfstætt starfandi sérgreinalækna, sparar ríkissjóður umtalsverðar fjárhæðir og veltir þeim í raun yfir á sjúklingana því þjónustuveitendur eru neyddir til að innheimta aukagjöld þar sem heilbrigðisyfirvöld hafa ekki gætt þess að hækka gjaldskrána núna í mörg ár. Það þarf ekki að útskýra fyrir neinum að þar með eru að dragast saman tekjur þjónustuveitenda til að reka þá þjónustu sem þeir reka í þágu sjúkratryggðra.

Varðandi áform um að leggja ágreining um samning milli þjónustuveitenda og SÍ í gerð þá ganga þau áform ekki upp fyrst og fremst af því að það er ekki hægt að skikka þjónustuveitendur til að ganga til samninga við SÍ. Til að samningar náist milli þjónustuveitenda og SÍ sem þjónustukaupa þurfa báðir aðilar að vilja að ná samningi. Vandséð er hvernig unnt á að vera að skikka þjónustuveitendur sjúkratrygginga til að una því, ef samningar nást ekki, að þeir verði ákveðnir með gerðardómi. Með því yrðu þjónustuveitendur skikkaðir til að starfa hjá SÍ samkvæmt niðurstöðu gerðardóms sem LÍ telur fara gegn 76. gr. stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi.

Sjálfstætt starfandi sérgreinalæknar hafa verið án samnings við SÍ frá 1. janúar 2019, eða nú á fimmta ár. Áður var í gildi samningur sem gildi í fimm ár. Þar á undan var sammingsleysi frá 1. apríl 2011 til 31. desember 2013. Sagan bendir til að mati LÍ að vilji SÍ til að semja við sjálfstætt starfandi sérgreinalækna sé takmarkaður. LÍ telur að þar sé ekki við Læknafélag Reykjavíkur (LR) sem fer með sammingsumboðið fyrir þennan hóp lækna, að sakast.

LÍ lýsir sig reiðubúið til að koma á fund velferðarnefndar til að ræða nánar efni þessa frumvarps.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar LÍ,



Steinunn Þórðardóttir, formaður